

**Nd.**

**345. Tillögur**

út af athugasemdum yfirskoðunarmanna landsreikninganna fyrir árin 1916 og 1917.

Frá fjárbagsnefnd.

Alþingi ályktar að skora á ráðuneytið:

1. Að halda frá byrjun næsta fjárhagstimabils algerlega aðskildum reikningum rikissjóðs og viðlagasjóðs.
2. Að brýna fyrir forstöðumönnum skóla og annara stofnana, sem fá greitt fje úr rikissjóði, að nota það í þeim tilgangi, sem fjárlög ákveða, eftir því sem við verður komið.
3. Að sjá um, að endurgreitt verði í rikissjóð við hver áramót það, sem óeytt kann að vera af því fje, sem ávísað hefir verið á árinu til forstöðumanna skóla og annara stofnana, nema um óverulegar fjárbæðir sje að ræða.